

BREYTING Á HAFNARSVÆÐI Í VESTMANNAEYJUM

ATHAFNASVÆÐI BRÆÐSLU ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki verði óveruleg og engin áhrif á náttúru- eða fornminjar. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Vestmanneyja 2002-2014 og deiliskipulag sem ásamt umhverfisskýrslu hefur verið samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja eftir auglýsingu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vestmannaeyjabæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á hafnarsvæði Vestmannaeyja, með gerð um 70 m langs viðlegukants á athafnasvæði Ísfélagsins, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kera ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. nóvember 2012.

INNGANGUR

Pann 13. ágúst 2012 tilkynnti Vestmannaeyjabær fyrirhugaðar breytingar á hafnarsvæði í Vestmannaeyjum til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vestmannaeyjabæjar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Umsagnir bárust frá Vestmannaeyjabæ með bréfi dags. 15. október 2012 og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 27. september 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að framkvæmdin felist í lengingu viðlegukants og gerð landfyllingar á athafnasvæði Ísfélags Vestmannaeyja. Um sé að ræða um 70 m langan viðlegukant og um 1000 m² landfyllingu innan við hann sem gerð verður með flutningi á um 5000 m³ af efni úr bögglabergsnámu sveitarfélagsins á austurhluta nýja hraunsins.

Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu sé stutt niður á fast og svæðið talsvert raskað. Áhrif á vistkerfi sjávar séu því ekki talin veruleg. Framkvæmdin muni hvorki hafa áhrif á náttúru- né fornminjar.

Fram kemur að Siglingastofnun hafi bent á að miðað við núverandi innsiglingu muni framkvæmdin ekki hafa bein áhrif en takmarki hins vegar möguleika á að breikka og dýpka innsiglinguna og möguleika á stækkun snúningsrýmis innan hafnar við Nausthamarsbryggju.

Fram kemur það mat framkvæmdaraðila og hafnarráðs Vestmannaeyja að framkvæmdin muni ekki hafa úrslitaáhrif á framtíðarmöguleika Vestmannaeyjahafnar. Til skoðunar séu þrjú svæði fyrir mögulegan stórskipakant og muni þessi framkvæmd ekki hafa teljandi áhrif á þá vinnu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014 og deiliskipulag athafnasvæðis Ísfélags Vestmannaeyja sem sé til umfjöllunar.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta löndunaraðstöðu Ísfélagsins og auka geymslusvæði hráefnis sem hvoru tveggja stuðli að betri vinnuaðstöðu í landi.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Vestmannaeyjabær og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að hvorki staðsetning framkvæmdarinnar né stærðargráða hennar sé þess eðlis að hún valdi verulegri röskun á lífríki, enda sé sá kantur sem byggja á við allur manngerður og líklega einnig gömul landfylling.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lengingu viðlegukants um 70 m og gerð um 1000 m² landfyllingar innan við hann. Efni í landfyllinguna, um 5000 m³, verður flutt úr bögglabergsnámu sveitarfélagsins á austurhluta nýja hraunsins. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki verði óveruleg og engin áhrif á náttúru- eða fornminjar. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Vestmanneyja 2002-2014 og deiliskipulag sem ásamt umhverfisskýrslu hefur verið samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja eftir auglýsingu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vestmannaeyjabæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á hafnarsvæði Vestmannaeyja, með gerð um 70 m langs viðlegukants á athafnasvæði Ísfélagsins, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. nóvember 2012.



Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Skipulagsstofnun